



# Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar Janúar-júní 2024

Kynning fjármála- og áhættustýringarsviðs fyrir markaðsaðila

5. september 2024





## Stóra myndin

---

- Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta jákvæð um 406 milljónir sem er 7,1 milljarði króna betri niðurstaða en á sama tíma 2023
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 196 milljónir sem er 1,1 milljarði króna betri niðurstaða en á sama tíma 2023 - **jákvæð í fyrsta sinn frá árinu 2019**
- Aðhaldsaðgerðir skila árangri og fjöldi stöðugilda stendur í stað milli ára þrátt fyrir fjölgun íbúa og meiri þjónustu
- Reglugerðarbreyting á fjármálareglum sveitarfélaga
- Framvinda skv. fjármálastefnu er að standast að mestu



# Rekstrarumhverfi borgarinnar á fyrri hluta ársins

---

- Áfram óvissa í ytra umhverfi
- Verðbólga ennþá há sem setur þrýsting á rekstrarútgjöld og fjármagnsliði
- Framlag sveitarfélaga til kjarasamninga og um stöðugleika í hagkerfinu
- Hækkun útsvars vegna málefna fatlaðra áfangi en málaflokkurinn enn í halla
- Íbúum fjölgar áfram en hægst hefur á fjölgun í fjölda starfandi
- Atvinnuleysi er um 3,6% á höfuðborgarsvæðinu
- Áskoranir í leik- og grunnskólum vegna rakaskemmda og innivistar, vegna veikinda og jarðhræringa í Grindavík
- Ríkið áfrýjaði dómi Héraðsdóms í máli Jöfnunarsjóðs til Hæstaréttar og er niðurstöðu að vænta á þessu ári
- Fjárfestingar A-hluta einkenndust af viðhaldsátaki í leik- og grunnskólum og fjárfestingu í innviðum



## Áskoranir vegna B-hluta

---

**Strætó** glímir enn við mikinn rekstrarvanda og er eiginfjárstaða þess neikvæð. Fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga um rekstur almenningssamgangna frá 1. janúar 2025.

Áfram er mikilvægt að tryggja **Félagsbústöðum** sterkt veltufé frá rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.

Áfram er unnið að því að fá inn utanaðkomandi hluthafa í **Carbfix**.

Unnið að fjármögnun **Ljósleiðarans**, en fyrir liggur heimild til sölu á hlut í félaginu.


**Orkuveita Reykjavíkur** er leiðandi við uppbyggingu samfélagslegra innviða en skuldsetning félagsins hefur í dag umtalsverð áhrif á skuldaviðmið Reykjavíkurborgar.



# A- og B-hluti

## Samantekinn reikningur

# Rekstrarniðurstaða





- Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 406 m.kr. sem er 7,1 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir sama tímabil í fyrra. Í áætlun var gert ráð fyrir 3,6 ma.kr. rekstrarafgangi.
- EBITDA var jákvæð um 28,3 ma.kr. eða 5,2 m.kr. betri niðurstaða en á fyrri hluta ársins 2023 og 315 m.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun.
- EBITDA í hlutfalli af tekjum var 21% og hækkar um 2%-stig milli ára.

# Rekstrarniðurstaða brú milli tímabila



- Hækkun tekna skýrist meðal annars af hækkun skatttekna og tekjum frá Jöfnunarsjóði um 9,9%, þar af má rekja 982 m.kr. til 0,23% útsvarshækkunar í ársbyrjun.
- Aðrar tekjur hækkuðu um 5,1 ma.kr. sem að hluta má rekja til tekna frá OR en tekjur OR hækkuðu um 9,3%. Tekjur af heitu vatni og rafmagni hafa aukist, auk þess sem innkoma burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hefur hér áhrif milli ára.
- Sveifla í álafleiðu OR milli tímabila er jákvæð um 3,2 ma.kr. í fjármagnsliðnum.


## Þróun rekstrartekna og –gjalda í takt við áætlun



- Rekstrartekjur hækkuðu um 12 ma.kr. milli ára eða um 9,9%. Þar vó hækkun skatttekna og tekjur frá Jöfnunarsjóði þyngst eða 6,7 ma.kr.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 6,9 ma.kr. milli ára eða um 7%. Þar af laun og launatengd gjöld um 2,8 ma.kr., annar rekstrarkostnaður um 4,5 ma.kr.




# Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld



- Fjármagnsgjöld námu 15 ma.kr. á tímabilinu.
- Verðbólga tímabilsins mældist 3,6% en í áætlun var miðað við 2,8%. Verðbætur á tímabilinu námu 9,7 ma.kr.
- Álverð hækkaði um 6% frá ársbyrjun til loka júní og hækkaði álafleiðan um 566 m.kr. á tímabilinu, en var neikvæð á sama tímabili í fyrra um 2,6 ma.kr.


# Áhrif matsbreytinga og álafleiðu



- Mun minni áhrif af matsbreytingum fjárfestingareigna á tímabilinu vegna minni hækkunar fasteignaverðs
- Tekjufærsla vegna álafleiðu og gengismunar OR nam samtals 1.244 m.kr. á tímabilinu




# Sjóðstreymi A og B-hluta



- Handbært fé lækkar um 275 m.kr. frá áramótum.
- Langtíma lántaka og ný stofnframlög námu 18,2 ma.kr. og skammtíma fjármögnun nam 1,7 ma.kr.

# Veltufé frá rekstri og fjárfestingar




- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum hækkaði um 2,1%-stig og hækkar annað árið í röð.




# A-hluti

# Rekstrarniðurstaða og EBITDA A-hluta




- Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 196 m.kr. sem var 1,1 ma.kr. betri en á sama tímabili 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 1,9 ma.kr.
- Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 5,9 ma.kr. sem var um 1,8 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan.

# Rekstrarniðurstaða brú milli ára



- Skatttekjur og framlög frá Jöfnunarsjóði og aðrar tekjur hækka um 8,6 ma.kr. milli ára en laun og annar rekstrarkostnaður hækkar um 6,5 ma.kr.
- EBITDA styrkist milli tímabila um 1.842 m.kr. eða um tæp 45%.

# Rekstrarniðurstaða frávik frá áætlun



- Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 1,9 ma.kr. en raunin var að hún er jákvæð um 196 m.kr.
- Frávik í sölu byggingaréttar og söluhagnaði eigna er samtals 1,6 ma.kr. en eins var verðbólgan á fyrri hluta ársins hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun




# Yfirlit málaflokka

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan.-júní 2024	Áætlun jan.-júní 2024	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	513	568	-55	-10%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	2.714	2.685	30	1%	3%
Meningar- og íþróttasvið	9.965	9.980	-15	0%	12%
Mannauðs- og starfspróunarsvið	454	435	19	4%	1%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	1.202	1.216	-14	-1%	2%
Skóla- og frístundasvið	39.235	37.777	1.458	4%	49%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	5.696	5.623	73	1%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	20.567	19.577	990	5%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	2.053	2.586	-533	-21%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2.394	2.307	87	4%	3%
Sameiginlegur kostnaður	2.108	3.270	-1.162	-36%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	1.325	1.325	-0	0%	2%
<b>Málaflokkar Aðalsjóðs samtals</b>	<b>88.226</b>	<b>87.348</b>	<b>877</b>	<b>1%</b>	<b>110%</b>
<b>Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga</b>					<b>79.954</b>
Eignaskrifstofa	-1.448	-2.450	1.002	-41%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu ES	-726	-1.825	1.098	-60%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignarsjóðs	1.707	1.701	6	0%	
<b>Málaflokkar Eignarsjóðs samtals</b>	<b>-467</b>	<b>-2.574</b>	<b>2.106</b>	<b>-82%</b>	


- Rekstur málaflokka Aðalsjóðs var 877 m.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 1.458 m.kr. yfir fjárheimildum en á sameiginlegum kostnaði eru áætlaðar 987 m.kr. vegna leikskóla sem koma til lækkunar á fráviki sviðsins.
- Velferðarsvið án bundinna liða var 990 m.kr. yfir fjárheimildum, sem skýrist að stærstum hluta af vistunum barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar sem var 757 m.kr. umfram fjárheimildir.

# Hreinar skuldir A-hluta



- Rekja má aukningu í hreinum skuldum að mestu til verðbóta á tímabilinu og lægri stöðu handbærs fjár.
- Lántaka tímabilsins nam um 7 ma. kr. og afborganir af lánum um 7,8 ma.kr. Afborganir leiguskulda námu 866 m.kr.


# Yfirlit yfir sjóðstreymi



- Handbært fé frá áramótum til loka júní lækkaði um 4 ma.kr.
- Veltufé frá rekstri nam 8,8 ma.kr. eða 9,3% sem hlutfall af tekjum.
- Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 9,2 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar námu 1,9 ma.kr. Lántaka langtímalána tímabilsins nam 7 ma.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 8,7 ma.kr.
- Skammtíma fjármögnun við lánastofnanir nam 1,6 ma.kr.



# Veltufé frá rekstri





# Fjármögnun



# Fjármögnun

---

- Lántökuáætlun 2024 er 16,5 ma.kr.
  - Lántaka 2023 var 20,9 ma.kr. og því lækkar lántaka um 4,4 ma.kr. frá fyrra ári
- Nettó lántaka 2024 er áætluð 5,0 ma.kr.
  - Var 15,6 ma.kr. árið 2023
- Lántaka á fyrri helmingi árs nam um 7,1 ma. kr.
- Nýr stuttur óverðtryggður flokkur gefinn út í apríl
- Útgáfa á löngum verðtryggðum skuldabréfaflokki í undirbúningi
- Lántaka hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins CEB
  - Samþykkt í borgarráði 29. febrúar sl.
  - Lánssamningur undirritaður 6. júní sl.
  - Samþykkt heimild til að draga á allt að helming lánsfjárhæðar eða EUR 50M 11. júlí sl.
  - Lántakan er til fjármögnunar á viðhaldsverkefnum í skólum og leikskólum en gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir á árunum 2023 - 2028
  - Lántaka hjá CEB fellur undir lántökuáætlun
  - Verið að leggja mat á gjaldeyrisvarnir



# Fjármálastefna



# Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar

---

## A-hluti:

- Rekstrarniðurstaða: Jákvæð frá og með 2025
- Launakostnaður: Hámark 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með 2025
- Veltufé frá rekstri: Yfir 7,5% af tekjum frá 2025. Dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með 2025.
- Lántaka: Hámark 70% af fjárfestingum ársins frá og með 2025
- Skuldaviðmið A-hluta: Ekki yfir 100% af tekjum
- Lágmarksstaða handbærs fjár: 8 milljarðar króna

## A- og B-hluti:


- Jafnvægisviðmið A- og B-hluta sé jákvætt.
- Skuldaviðmið A- og B-hluta: Ekki hærra en 150% frá og með 2027



# Markmið og mælikvarðar í fjármálastefnu 2023-2027 - Árangur tímabilsins

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2024_06	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✓ 196	! 291	✓ 2.700	✓ 4.160	✓ 6.672
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✓ 80%	! 80,2%	✓ 78,9%	✓ 78,0%	✓ 77,5%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✓ 9,3%	! 5,7%	✗ 6,9%	✗ 7,3%	✓ 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✓ 1,0	! 0,7	✓ 1,2	✓ 1,1	✓ 1,3
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	! 76%	! 72%	✓ 65%	✓ 63%	✓ 58%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	✓ 80%	✓ 82%	✓ 82%	✓ 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	✗ 7.506	✓ 10.908	✓ 10.533	✓ 10.002	✓ 10.266

\* Eingungis reiknað og birt á ársgrundvelli



## Takk fyrir

---

Allar upplýsingar í kynningu þessar eru byggðar á gögnum sem Reykjavíkurborg telur áreiðanlegar við birtingu þeirra. Eru þær settar fram með fyrirvara um innsláttarvillur, svo sem í framsetningu texta eða talna. Áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að leiðrétta slíkar villur eftir birtingu þeirra.